



**HÚNAÞING
VESTRA**

***Útboð vegna skólaaksturs
fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra
Leiðir 3 og 10***

Skólaárið 2018-2019

EFNISYFIRLIT

ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR	1
1 YFIRLIT	1
1.1 Útboð	1
1.2 Útboðsform - Útboðsyfirlit	1
1.3 Kröfur til bjóðenda	2
1.4 Lauslegt yfirlit yfir verkið	2
1.5 Kynningarfundur	2
1.6 Verksamningur	3
2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA	4
2.1 Verkkaupi	4
2.2 Tengiliður verkkaupa	4
3 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR	4
3.1 Útboðsgögn	4
3.2 Skýringar á útboðsgögnum	4
3.3 Upplýsingar í verklýsingu	5
3.4 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar	5
4 TILBOÐ	6
4.1 Gerð og frágangur tilboðs	6
4.2 Fylgigögn með tilboði	6
4.3 Auðkenni tilboðs	6
4.5 Opnun tilboða	6
4.6 Meðferð og mat á tilboðum	7
4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs	7
5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR	8
5.1 Greiðslur og reikningsskil	8
5.2 Verðlagsgrundvöllur	8
5.3 Breytingar sem varða samning	8
6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL	8
6.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	8
6.2 Ágreiningsmál	8
7 FYLGIGÖGN	9
E-01 VERKSAMNINGUR	9
E-02 TILBOÐSBLAÐ	11
E-03 UPPLÝSINGAR UM BIFREIÐ	13
Leiðarlýsingar og skóladagatal	

ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR

1 YFIRLIT

1.1 ÚTBOÐ

Húnaþing vestra kt. 540589-2829, óskar eftir tilboðum í verkið: *Skólaakstur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárið 2018-2019*. Verkið skal framkvæma í samræmi við útboðsgögn eins og þeim er lýst í kafla “3.1 Útboðsgögn”.

1.2 ÚTBOÐSFORM - ÚTBOÐSYFIRLIT

ÚTBOÐSFORM

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í 2. gr. laga nr. 94/2001.

ÚTBOÐSYFIRLIT

- | | | |
|-------------------------|---|---------------------|
| • Fyrirspurnatíma lýkur | 29. júní 2018 | Sjá nánar kafla 3.2 |
| • Svarfrestur rennur út | 10. júlí 2018 | Sjá nánar kafla 3.2 |
| • Opnunartími tilboða | 19. júlí 2018 | Sjá nánar kafla 4.5 |
| • Kröfur til bjóðenda | | Sjá nánar kafla 1.3 |
| • Verðlagsgrundvöllur | Vísitala neysluverðs | Sjá nánar kafla 5.2 |
| • Frávikstilboð | Eru heimiluð | Sjá nánar kafla 4.1 |
| • Fylgigögn með tilboði | 1. Tilboðsblað
2. Upplýsingar um bifreið
3. Sakavottorð | Sjá nánar kafla 4.2 |
| • Opnunarstaður tilboða | Skrifstofa Húnaþings vestra
Hvammstangabraut 5,
Hvammstanga | Sjá nánar kafla 4.5 |

1.3 KRÖFUR TIL BJÓÐENDA

Með tilboðum skal fylgja sakavottorð bjóðanda.

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta eftirtaldir upplýsingar í té innan viku frá opnun tilboða.

- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- Almennar upplýsingar um bjóðanda, svo sem menntun og fyrri störf, svo og lýsing á reynslu bjóðanda af sambærilegum verkum, meðmæli áreiðanlegs aðila.
- Skrá yfir undirverktaka/starfsmenn er bjóðandi hyggst ráða til verksins.

Ef um bjóðanda gildir eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum, þegar að undirritun samnings kemur, verður ekki gengið til samninga við hann:

- Bjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.
- Bjóðandi er í nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum.

Ef eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum koma í ljós við skoðun gagna frá bjóðanda áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans:

- Viðskiptasaga bjóðanda þykir vafasöm.
- Ef könnun á viðskiptasögu bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans
- Bjóðandi hefur ekki hreint sakavottorð.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að meta eftirfarandi þætti þegar tekin er afstaða til tilboða:

- Bifreiðakostur sem bjóðandi hyggst nota til verksins
- Fyrri reynsla af sambærilegum verkum (akstri / starfi með börnum og unglingum)
- Menntun bjóðanda og meðmæli / umsögn áreiðanlegra aðila
- Samskiptahæfni bjóðenda

1.4 LAUSLEGT YFIRLIT YFIR VERKIÐ

Um er að ræða akstur skólabarna í Húnaþingi vestra skv. meðfylgjandi útboðsgögnum skólaárið 2018-2019. Um er að ræða 2 akstursleiðir og er óskað eftir aðskildum tilboðum í hvora leið fyrir sig. Ef bjóðandi býður í fleiri en eina leið áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna sumum boðum bjóðanda og taka öðrum. Gert er ráð fyrir að skólaárið 2018-2019 verði 170-180 akstursdagar.

1.5 KYNNINGARFUNDUR

Kynningarfundur verður ekki haldinn með bjóðendum en bent er á að hægt er að beina fyrirspurnum með bréfi eða með tölvupósti til skólastjóra.

1.6 VERKSAMNINGUR

Tilboð verða tekin fyrir af byggðarráði Húnaþings vestra. Ákveði byggðarráð að taka tilboði verður skólastjóri falið að ganga frá samningi við bjóðanda. Sveitarstjórn / byggðarráð áskilur sér 15 daga frest til að vinna úr tilboðum og svara bjóðendum. Litið er svo á að bjóðendur séu einnig bundnir af tilboðum sínum í 15 daga frá opnun tilboða eða þar til tilkynnt hefur verið um niðurstöðu sbr. 9.-11 gr. laga nr. 65/1993.

Gerður verður skriflegur samningur um verkið og er drög að samningi að finna á blaði “E - 01” sem fylgir með útboðs- og samningsskilmálum þessum. Bjóðendum er bent á að kynna sér samningsdrögin vandlega.

Samningurinn gildir í eitt ár. Skólastjóri sendir verktaka uppfærðar upplýsingar um verkið í byrjun ágúst, þ.e. barnafjölda, leiðarlýsingu og skóladagatal.

10 dögum áður en akstur hefst að hausti skal verktaki framvísa vottorði um farþegatryggingu, skoðunarvottorði skoðunarstofu bifreiðar og rekstrarleyfi eftir því sem við á. Ef ofangreind gögn liggja ekki fyrir á fyrsta gjalddaga reiknings í upphafi hvers skólaárs frestast greiðsla hans þar til gögnum hefur verið skilað.

2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA

2.1 VERKKAUPI

Verkkaupi: [Húnaþing vestra](#)
[kt. 540598-2829](#)
[Hvammstangabraut 5](#)
[530 Hvammstangi](#)

Umsjón: **Grunnskóli Húnaþings vestra**
/ Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri
kt. 2910773909
Pósthólf 90
530 Hvammstangi
Sími: 455-2911
Netfang: siggi@hunathing.is

2.2 TENGILIÐUR VERKKAUPA

Tengiliður og eftirlitsaðili verkkaupa er skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra. Skólastjóri annast samskipti við verktaka og skrifar upp á reikninga vegna verksins. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið samkvæmt samningi og í samráði við skólastjóra. Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar skal hann tafarlaust leita úrskurðar skólastjóra. Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum eða reglugerðum.

3 ÚTBOÐSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR

3.1 ÚTBOÐSGÖGN

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- a) Útboðs- og samningsskilmálar þessir.
- b) Verklýsing, þ.e.
 - Leiðarlýsingar á akstursleiðum
 - Áætlaður fjöldi barna á akstursleiðum
 - Skóladagatal 2018-2019
- c) Drög að samningi um verkið
- d) Tilboðsblað
- e) Eyðublað fyrir upplýsingar um bifreið
- f) Önnur gögn, lög og reglugerðir sem vísað er til í skilmálunum.

3.2 SKÝRINGAR Á ÚTBOÐSGÖGNUM

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda fyrirspurn til skólastjóra eigi síðar 29. júní 2018. Fyrirspurnin skal merkt "Fyrirspurn vegna útboðs skólaaksturs" og send með tölvupósti á netfangið siggi@hunathing.is eða með bréfi til skólans.

Fyrirspurnir og samhljóða svör verða send öllum þeim sem sótt hafa útboðsgögn á skrifstofu Húnaþings vestra, eigi síðar en 10. júlí 2018. Þeir sem sótt hafa útboðsgögn á <http://hunathing.is> eru sjálfir ábyrgir fyrir því að nálgast framangreind gögn á vefslóðinni

<http://hunathing.is> og verða þau tilbúin þar eigi síðar en kl. 15:00 þann 10. júlí 2018. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnunum.

3.3 UPPLÝSINGAR Í VERKLÝSINGU

Í verklýsingu er að finna upplýsingar um vegalengdir og barnafjölda á hverri akstursleið. Vegalengdir eru unnar upp úr gögnum frá Vegagerð ríkisins. Fyrirvari er gerður um leiðréttingar hvað varðar kílómetrafjölda á hverri leið.

Í verklýsingu er að finna upplýsingar um áætlaðan barnafjölda á báðum akstursleiðum en tekið skal sérstaklega fram að þær tölur geta breyst fyrirvaralítið.

3.4 LÖG, REGLUGERÐIR OG LEIÐBEININGAR

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- Umferðarlög 50/1987 með áorðnum breytingum
- Lög um fólksflutninga 73/2001
- Reglugerð um fólksflutninga 582/2002
- Lög um framkvæmd útboða, nr. 65/1993 með áorðnum breytingum.
- Reglugerð um skólaakstur í grunnskólum nr. 656/2009

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

4 TILBOÐ

4.1 GERÐ OG FRÁGANGUR TILBOÐS

A Aðaltilboð

Tilboðum skal skila á tilboðsblaði sem er hér að finna sem fylgiskjal (E-02).

Á tilboðsblað skal rita verð á eknum kílómetra á tiltekinni leið miðað við þann nemendafjölda sem áætlaður er á leiðinni næsta skólaár. Þá skulu koma fram á blaðinu eða í fylgiskjali breytingar á taxta miðað við fjölda farþega ef bjóðandi ætlar að hafa hann breytilegan.

B Frávikstilboð

Heimilt er með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnunum. Sé um frávikstilboð að ræða skal geta þess sérstaklega á tilboðsblaði að um slíkt tilboð sé að ræða. Með frávikstilboði skal fylgja skýr og greinargóð lýsing á því í hvaða atriðum vikið er frá tæknilegri lýsingu útboðsgagna.

4.2 FYLGIGÖGN MEÐ TILBOÐI

Með tilboði skal skila útfylltu eyðublaði um bifreið / bifreiðar sem áætlað er að nota við verkið, auk þess skulu bjóðendur skila inn sakavottorði.

4.3 AUÐKENNI TILBOÐS

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi, þannig merktu:

Skólaakstur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra
skólaárið 2018-2019
TILBOÐ

Bjóðandi: Nafn bjóðanda
Heimilisfang
Póstnúmer og staður

Vakin er sérstök athygli bjóðenda á að ef þeir merkja ekki umslög sem innihalda tilboð með nafni bjóðanda, eiga þeir á hættu að tilboðum þeirra verði vísað frá.

4.5 OPNUN TILBOÐA

Tilboð skulu hafa borist til skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, eigi síðar en kl. 11:00 þann 19. júlí 2018 og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Geti bjóðandi ekki komið útfylltum útboðsgögnum á opunarstað til opunar, er þá heimilt að senda tilboðsblað þar sem fram kemur heildarfjárhæð tilboðs með símbréfi á opunarstað og skal það hafa borist áður en skilafrestur er runninn út, en bjóðandi skal þá jafnframt hafa póstlagt með ábyrgðarpóstsendingu, a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram, gögn sem fylgja eiga tilboðinu og skal staðfesting þess efnis fylgja með símbréfinu sbr. 7. grein laga nr. 65/1993, "Lög um framkvæmd útboða". Séu tilboð send með pósti eða myndsendi er bjóðandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tilboða.

4.6 MEÐFERÐ OG MAT Á TILBOÐUM

Ákvæði um val á tilboði eru í lögum um opinber innkaup og lögum um framkvæmd útboða.

Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í kafla “1.3 Kröfur til bjóðenda”.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum sbr. 13. grein laga nr. 65/1993 um framkvæmd útboða.

4.7 ÞÓKNUN FYRIR GERÐ TILBOÐS

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

5 GREIÐSLUR – VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

5.1 GREIÐSLUR OG REIKNINGSSKIL

Greitt er fyrir akstur mánaðarlega eftirá. Verktaki skal framvísa reikningum til verkkaupa hinn fyrsta virkan dag að loknum mánuði sem akstur hefur farið fram. Ekki er tekið á móti reikningum undirverktaka, verktaki er ábyrgur á greiðslum til undirverktaka sem aka á viðkomandi leið/leiðum. Reikningur skal greiddur í síðasta lagi 15. þess mánaðar. Skólastjóra er heimilt að óska eftir sundurliðunarblaði með reikningi á ákveðnum leiðum eða í ákveðin tímabil, s.s. fjölda nemenda í ferð o.fl.

5.2 VERÐLAGSGRUNDVÖLLUR

Tilboð skal miðað við vísitölu neysluverðs í júní 2018.

Samningsfjárhæðir breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs í uppafi hverrar annar, þ.e. 1. ágúst og 1. janúar ár hvert.

5.3 BREYTINGAR SEM VARÐA SAMNING

Ef breytingar verða á fjölda nemenda áskilur verkkaupi sér rétt til endurskoðunar á samningi, með tilliti til hagræðingar á viðkomandi leið eða leiðum. Minniháttar breytingar skulu tilkynntar bílstjóra með minnst viku fyrirvara en með mánaðarfyrirvara ef bifreið hans rúmar ekki farþegafjölda að óbreyttu. Ef akstursleiðir breytast vegna ófærðar í viku eða lengri tíma, skal taka til endurskoðunar aksturstablett á viðkomandi leiðum.

Í júní ár hvert skal skólastjóri senda verktaka upplýsingar um væntanlegar breytingar á nemendafjölda og akstursleiðum.

6 ÁBYRGÐIR – TRYGGINGAR – ÁGREININGSMÁL

6.1 ÁBYRGÐ, TRYGGINGAR OG LÖGBOÐIN GJÖLD

Verktaki skal kaupa nauðsynlegar tryggingar vegna starfseminnar og framvísa vottorðum vegna þeirra til verkkaupa þegar þess er óskað og ekki sjaldnar en einu sinni á ári, í ágúst ár hvert.

Verktaki greiðir sjálfur kostnað við allar tryggingar og gjöld vegna rekstur bifreiðar sinnar svo og kostnað vegna breytinga eftir því sem lög og reglugerðir kunna að segja fyrir um.

6.2 ÁGREININGSMÁL

Ef ágreiningur rís vegna framkvæmdar verksins og ekki tekst að leysa úr honum með samráði verktaka, skólastjóra, formanni fræðsluráðs og sveitarstjórnar, skal málinu vísað til Héraðsdóms Norðurlands vestra.

7 FYLGIGÖGN

E-01

E-01 VERKSAMNINGUR Drög að samningi um akstur skólabarna *Skólaárið 2018-2019*

1. grein

Húnaþing vestra kt. 540598-2829, hér nefndur verkkaupi,
og _____, hér eftir nefndur bílstjóri, gera með sér svohljóðandi samning um akstur skólabarna í Húnaþingi vestra. Samningurinn gildir fyrir leið nr. ____ sem er um _____ skv. hjálagðri leiðarlýsingu, að kennslustað skólans á Hvammstanga / Borðeyri. Samningurinn gildir fyrir skólaárið 2018/2019.

2. grein

Gjald fyrir ofangreindan akstur fer eftir umsömdum taxta, sem samið hefur verið um og sést á meðfylgjandi taxtablaði, og að undangengnu útboði um skólaakstur í Húnaþingi vestra.

3. grein

Bílstjóri er ráðinn til skólaaksturs og skal gegna starfinu samkvæmt lögum, reglum og kjarasamningum. Honum ber að kynna sér vel það sem að starfinu lýtur. Bílstjóri skal fylgjast með því að nemendur fylgi settum reglum og fyrirmælum meðan þeir eru í skólabílnum. Telji bílstjóri framkomu nemenda og stundvísi ábótavant og geti hann ekki leyst úr þeim málum, skal hann gera skólastjóra viðvart. Bílstjóri skal gæta stundvísi við heimili og skóla.

Bílstjóri og foreldri/forráðamaður barns hafa sameiginlega ábyrgð á að nemendur komist hindrunarlaust milli heimilis og bíls (bíls og heimilis). Sé hindrun í heimreið, skal foreldri/forráðamaður sjá um að koma barni sínu í veg fyrir skólabíl. Haga skal akstri á heimreiðum hverju sinni eftir aðstæðum á hverjum stað, veðri, aldri og heilsufari nemenda, vegalengd og hvort um endastöð er að ræða. Ef börn eru sett úr skólabíl við þjóðveg, skal gæta þess að aka bifreiðinni inn á heimreið (á ekki við um þjóðveg í þéttbýli). Bílstjóri skal aðstoða börn inn og út úr bíl eftir þörfum. Sérstaklega skal hann hafa aðgát ef börnin eru ung eða veður og aðstæður kalla á aðstoð.

Verði bílstjóri áskynja um vanlíðan barnanna sem hann flytur t.d. bílveiki, einelti eða annað sem varðar velferð barnanna skal hann tilkynna skólastjóra það tafalaust sem leitar lausna í samráði og samvinnu við bílstjóran.

Bílstjóra er skylt að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra, er hann fær vitneskju um í starfi. Sama gildir um önnur trúnaðarmál skóla. Þagnarskylda helst, þótt látið sé af störfum.

4. grein

Ástand og búnaður skólabifreiðar skal standast þær kröfur og reglugerðir sem ríkisvaldið og skoðunarstofur bifreiða gera um skólabifreiðar. Kostnaður við breytingar á bifreið, sem upp kunna að koma vegna breyttra laga, reglugerða og settra reglna um gerð og búnað hennar, skal eigandi bera sjálfur. Bílstjóri skal kaupa örugga farþegatryggingu fyrir bifreið sína og leggja fram þau gögn við undirritun samnings. Í bifreiðinni skal vera farsími og handfrjáls búnaður. Bílstjóri skal hirða vel um skólabifreiðina og sjá um að notkun **þriggja punkta bílbelta sé virt**, enda séu þau í bílnum og í góðu lagi. Gerð er sú krafa að öll sæti í skólabílum snúi fram. Fyrir unga nemendur og smávaxna skal hafa viðurkenndar bílsessur, þannig að bílbelti sitji rétt.

5. grein

Bílstjórar skulu framvísa akstursreikningum til verkkaupa hinn fyrsta virkan dag eftir mánaðarmót. Reikningur skal greiddur þann 15. þess mánaðar, eða í síðasta lagi 5 virkum dögum eftir að hann berst skrifsofu Húnaþings vestra. Sé greiðsla ekki innt af hendi innan 5 virkra daga, er bílstjóra heimilt að stöðva akstur þar til greiðsla hefur borist.

6. grein

Ef breytingar verða á fjölda nemenda áskilur verkkaupi sér rétt til endurskoðunar á samningi þessum, með tilliti til hagræðingar á viðkomandi leið eða leiðum. Minniháttar breytingar skulu tilkynntar bílstjóra með minnst viku fyrirvara en með mánaðarfyrirvara ef bifreið hans rúmar ekki farþegafjölda að óbreyttu.

7. grein

Bílstjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun sem kostur er. Hann skal tilkynna skólastjóra án tafar ef röskun verður á akstri af ófyrirséðum orsökum. Falli kennsla niður vegna veðurs eða ófærðar, skal bílstjóri fá greitt sem nemur 50 hundraðshlutum af taxta. Komi til verkfalls í skóla, skal bílstjóri fá sama hluta taxta greiddan svo fremi að greiðsla fáiist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sé skólaakstur felldur niður vegna breytinga á kennsluskipan, skal bílstjóri tilkynnt breytingin með þriggja daga fyrirvara og á þá bílstjóri ekki rétt á neinni greiðslu.

8. grein

Bílstjóri sem tekur að sér aksturinn skal í upphafi skólaárs tilkynna hver verður afleysingarbílstjóri og hvaða bíll verður notaður sem afleysingarbíll. Ef bílstjóri forfallast í stuttan tíma eða bifreið hans bilar, ber honum að fá bílstjóra og/eða bíl í sinn stað. Afleysingarbílstjóri og bifreið hans skal lúta sömu lögum og reglum og samningur þessi kveður á um. Bílstjóri skal tilkynna skólastjóra þessa breytingu fyrirfram eða svo fljótt sem auðið er.

9. grein

10 dögum fyrir byrjun kennslu á nýju skólaári skal bílstjóri gera tímaáætlun á akstursleið sinni og leggja fyrir skólastjóra. Tímaáætlunin verður birt á heimasíðu skólans og send á heimili nemenda ef þess er óskað, ásamt öðrum gögnum frá skólanum. Ef tímaáætlun liggur ekki fyrir á fyrsta gjalddaga reiknings í upphafi hvers skólaárs frestast greiðsla hans þar til tímaáætlun hefur verið skilað.

10. grein

Húnaþing vestra mun standa fyrir námskeiði/(um) fyrir skólabílstjóra þar sem m.a. verður fjallað um einelti, agamál, upprifjun á skyndihjálpi o.fl. Þeim sem taka að sér skólaakstur er skylt að sækja slík námskeið.

Þá getur skólastjóri boðað skólabílstjóra til fundar um framkvæmd og skipulag aksturs allt að einu sinni í mánuði.

11. grein

Annan akstur skólabarna á vegum skólans, sem bílstjóri tekur að sér skal greiða sérstaklega og þá miðað við aðstæður hverju sinni, vegalengd, fjölda barna, biðtíma o.s.frv. Stefnt skal að því að þóknun fyrir slíkan akstur sé umsamin þegar ferðatilhögun er ákveðin enda skal almennt leita tilboða í slíkan akstur.

12. grein

Gildistími samnings þessa er frá hausti 2015 til vors 2019. Verkkaupi og bílstjóri hafa hvor um sig rétt til að segja honum lausum og skal uppsögn tilkynnt skriflega í síðasta lagi 15. júní ár hvert.

13. grein

Verkkaupi áskilur sér rétt til að rifta án uppsagnarfrests, samningi við bílstjóra sem sannanlega er ekki starfi sínu vaxinn, eða hefur brotið gegn samningi þessum að mati verkkaupa.

14. grein

Ef ágreiningur ris vegna framkvæmdar skólaaksturs, skal nefnd skipuð skólastjóra, formanni fræðsluráðs og fulltrúa sveitarstjórnar skera úr um þau mál. Ef samkomulag næst ekki skal úrskurður nefndarinnar gilda, þar til Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur fjallað um málið. Ef einn aðili sem nefndur er hér óskar eftir breytingum eða endurskoðun á reglum þessum, skal hún tekin fyrir í nefndinni.

15. grein

Rísi mál út af samningi þessum, er hvorum aðila fyrir sig heimilt að reka málið fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra.

Húnaþingi vestra ____/____ 2018

f.h. Húnaþings vestra

Skólabílstjóri

E-02 TILBOÐSBLAÐ

Tilboð í skólaakstur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra

Ég undirrit. _____ kt. _____

geri hér með tilboð í skólaakstur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra, samkvæmt útboðsgögnum um samning fyrir skólaárið 2018/2019.

Tilboð mitt er í akstur á leið nr. _____ að kennslustað á _____ . Miðað er við fjölda barna samkvæmt útboðsgögnum.

Tilgreina þarf ef taxi tekur breytingum ef fjöldi barna breytist á akstursleiðinni á samningstímanum. Einnig ef aðrar óskir eru varðandi verðlagsbreytingar en útboðsskilmálar gera ráð fyrir.

Athugasemdir tilboðsgjafa:

Staður og dagsetning

Undirskrift tilboðshafa

Kennitala

Heimilisfang og sími

E-03 UPPLÝSINGAR UM BIFREIÐ

Bifreið sú sem ég hyggst nota til skólaakstursins er:

Eigandi: _____ Tegund: _____
Skráningarnúmer: _____ Ekin: _____
Árgerð: _____ Vélargerð og afl: _____
Fjöldi driföxla: _____ Skráður fjöldi farþega: _____

Athugasemdir: (T.d. ef bifreið er ekki til staðar við tilboðsgerð)

Afleysingarbifreið: (ef hún er til staðar)

Eigandi: _____ Tegund: _____
Skráningarnúmer: _____ Ekin: _____
Árgerð: _____ Vélargerð og afl: _____
Fjöldi driföxla: _____ Skráður fjöldi farþega: _____

Athugasemdir:

Ökumaður bifreiðar, sé hann annar en tilboðsgjafi: _____

(Sakavottorð þarf einnig að fylgja fyrir ökumann)

Nafn

Kennitala

Heimilisfang og sími

LEIÐ 3

Leið 3 Hrútafjörður austan

x2

Þjóðvegur 1. Melar - Vatnsnesvegur nr.72	32	64
Hvammstangavegur 72 að Hvammstangabraut	5	10
Hvammstangabraut - Norðurbraut að Hvammavegi	1,32	2,64
Hvammvegur og Kirkjuvegur	1,07	2,14
Heimreið Melar 3	0,26	0,52
Heimreið að Brautarholti	0,06	0,12
Heimreið að Akurbrekku	0,04	0,08
Heimreið að Reykjaskóla	1,09	2,18
Samtals	40,84	81,68 km ferðin

Ekinn þjóðvegur 1 frá Melum út Hrútafjörð með viðkomu á ofangreindum bæjum, síðan Hvammstangavegur nr. 72, Hvammstangabraut, Hvammavegur, Kirkjuvegur að skóla á Hvammstanga.

Gert er ráð fyrir að komið verði að skóla á Hvammstanga kl. 8:30 að morgni og nemendur sóttir aftur kl. 14:30.

Fyrirvari er gerður um breytingar á tímasetningum og leiðréttingar á vegalengdum.

Gert er ráð fyrir 6 börnum á leið 3 veturinn 2018-2019

LEIÐ 10

Leið 10 Víðdalur fram

Víðidalavegur 715 Kolugil að þjóðvegi 1	9,05	18,1
Þjóðvegur 1 frá vegi 715 að vegi 72	11,1	22,2
Hvammstangavegur 72 að Hvammstangabraut	5	10
Hvammstangabraut - Norðurbraut að Hvammavegi	1,32	2,64
Hvammavegur og Kirkjuvegur	1,07	2,14
Heimreið að Syðra-Kolugili	0,71	1,42
Heimreið að Stórhól	0,41	0,82
	28,66	57,32 km ferðin

Ekinn vegur 715 frá Kolugili. Þaðan að gatnamótum við þjóðveg 1 með viðkomu á ofangreindum bæ. Þjóðvegur 1 ekinn að Hvammstangavegi nr. 72 og þaðan til skóla.

Gert er ráð fyrir að komið verði að skóla kl. 8:30 að morgni og nemendur sóttir aftur kl. 14:30 alla daga.

Fyrirvari er gerður um breytingar á tímasetningum og leiðréttingar á vegalengdum.

Gert er ráð fyrir 4 börnum á leið 10 veturinn 2018-2019.